

Reykjavík 21. október 2020

Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Ágæta samverkafólk.

Nýjar reglugerðir um takmörkun á samkomum og á skólastarfi vegna farsóttar tóku gildi 20. október sl. Gildistími reglugerðanna er til og með 10. nóvember að undanskildum bráðabirgðaákvæðum um takmarkanir á höfuðborgarsvæðinu sem gilda til 3. nóvember. Á vef heilbrigðisráðuneytisins segir um þessar aðgerðir, að stjórnvöld endurmeti þörfina á takmörkununum eftir því sem efni standa til. Sem fyrr eru nándarmörk 2 metrar og fjöldatakmörkun 20 manns. Þetta á við um kirkjuathafnir, svo sem giftingar, fermingar og aðrar trúarsamkomur eins og segir í reglugerðinni. Skylt er að nota andlitsgrímur þar sem ekki er hægt að tryggja 2 metra nándarmörk.


Þann 11. október fengu þið síðasta bréf þar sem nánar var farið út í kirkjustarfið með tilliti til þessara takmarkana. Þær takmarkanir sem þar eru tilteknar gilda til **10. nóvember**.

Skulu þær tilgreindar hér aftur:

1. Útfarir:
 - a. 50 manna fjöldatakmörkun er í gildi í útförum og er það undantekning frá 20 manna reglunni.
 - b. Þó svo hámarksfjöldi í útförum sé 50, er hámarksfjöldi í erfidrykkjum 20. Börn fædd 2005 og síðar eru ekki með inni í þessum fjöldatölum.
2. Fermingarfræðsla á höfuðborgarsvæðinu:
 - a. Fermingarfræðslutímar falla niður til 3. nóvember eða þar til annað verður ákveðið. Leita má leiða til að sinna fræðslunni í gegnum fjarfundarbúnað eða með verkefnum á netinu.
3. Barna- og æskulýðsstarf. Foreldramorgnar.
Barna- og æskulýðsstarf og foreldramorgnar falla niður á gildistíma reglugerðanna.
4. Almenn brýning að halda sig heima:
 - a. Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.
 - b. Allt starfsfólk með undirliggjandi sjúkdóma hugi að sér og haldi sig heima.

Þau bréf sem sent hafa verið vegna heimsfaraldursins eru öll aðgengileg á heimasíðu kirkjunnar, kirkjan.is, sjá hér: <https://kirkjan.is/default.aspx?pageid=709c618c-efd6-4f9b-994e-da97cda7b696>.

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,

A handwritten signature in blue ink, reading "Agnes M. Sigurðardóttir". The signature is written in a cursive style and is centered within a light gray rectangular box.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.